

9. gr.

37

15. febr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

38

15. febr.

um stofnun búnaðarmálasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma.

2. gr.

Þessar vörur eru gjaldskyldar:

- a. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá mjólkurbúum, sérstökum mjólkur-útsólum (sem eru ekki útibú eða útsala frá mjólkurbúum), rjóma- og smjör-samlögum, svo og önnur mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
- b. Kindakjöt, sem selt er frá sláturhúsum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði.
- c. Gærur og ull, sem teknar eru í verzlanir eða verksmiðjur.
- d. Grænmeti og gróðurhúsaframléiðsla hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- e. Heimilt er með reglugerð að ákveða sama gjald af seldum garðávöxtum og eggjum, enn fremur af mjólk, mjólkurvörum og kjöti, sem ekki er tilgreint í a. og b., svo og loðskinnum og öðrum söluvörum landbúnaðarins. Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.

3. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim verzlunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veita vörunum móttöku, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt til framleiðenda, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu.

Skylt er þessum aðilum að afhenda hlutaðeigandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir.

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumannni ríkisins.

4. gr.

Lögreglustjórar (í Reykjavík tollstjóri) skulu innheimta gjaldið og gera reikningsskil fyrir því til landbúnaðarráðuneytisins, svo sem ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir. Gjaldið má taka lögtaki. Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, þar á meðal um innheimtu og gjald-daga.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. febr. 1945.

Gjört í Reykjavík, 15. febrúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.